Lög

Nr. 35
28. nóv.

um

bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær,

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar,. skal, hvort sem hún er í heilu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald, og hlutfallslega meira eða minna ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig, að mismunur til eða frá undir $^1/_4$ venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Enn fremur skal greiða í ríkissjóð 5 króna gjald af hverjum 20 kílógrömmum af efni í síldartunnur, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Ef ágreiningur rís um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að því undanskildu, að innheimtulaun skulu vera 2%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vörutollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.